

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Dýrfisk hf., Ísafjarðardjúpi

Dýrfiski hf. hefur verið veitt starfsleyfi til framleiðslu á allt að 4.000 tonnum á ári af regnbogasilungi við Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi. Lífmassi í eldinu má ekki vera yfir 5.300 tonnum.

Eftir að hafa leitað samráðs við heilbrigðisnefnd á svæðinu auglýsti Umhverfisstofnun tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 24. september til 19. nóvember 2014. Tillagan lá frammi hjá Ísafjarðarbæ á sama tíma. Auglýsing var birt í staðarblaði og tillagan var auk þess sérstaklega send til eftirfarandi aðila: Dýrfisks hf., Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, Landssambands veiðifélaga, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landssambands íslenskra útvegsmanna (sem nú heitir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Landssambands smábátæigenda, Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Æðarræktarfélag Íslands, Skelræktar, Orkustofnunar, Skipulagsstofnunar, Matvælastofnunar, Fiskistofu, Samgöngustofu, Náttúrustofu Vestfjarða, NASF og Veiðifélags Langadalsárdeildar.

Meðfylgjandi umsókninni var tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar, vegna ákvörðunar á matsskyldu vegna framkvæmdarinnar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 6. mars 2014 er komist að þeirri niðurstöðu að umrætt eldi sé ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Rétt er að taka það fram að ákvörðunin hefur verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Fimm aðilar sendu umsagnir um tillöguna. Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr þeim og viðbrögð Umhverfisstofnunar við umsögnunum:

- Umsögn barst frá **Skipulagsstofnun** en í henni kom fram að stofnunin gerir engar athugasemdir við tillöguna.
 - Umsögnin kallar ekki á viðbrögð Umhverfisstofnunar.
- **Hafrannsóknastofnun** gerir ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna en vill taka fram að mikilvægt er að vandað verði til vöktunaráætlunar vegna eldisins og að fylgst verði náið með umhverfisþáttum og dýralífi á botni í nágrenni við eldissvæðin. Bent er á að í auglýstri tillögu að starfsleyfi sé þéttleiki fisks í kvíum takmarkaður við 25 kg/m^3 en í tilkynningu Dýrfisks var gefið upp að þéttleikamörk í stöðlum um lífræna framleiðslu væru 10 kg/m^3 og að þeir staðlar yrðu notaðir. Mikilvægi vöktunar væri meira með hærri þéttleika. Stofnunin gerir athugasemd við að fiskeldisfyrirtæki tiltaki þéttleikatölur í tilkynningu sinni um eldi en breyti þeim svo eftir að umsagnaraðilar hafa gefið umsögn um tilkynninguna.
 - Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vandað sé til vöktunaráætlunar.
 - Rekstraraðili hefur upplýst Umhverfisstofnun um að ætlunin sé að uppfylla þéttleikamörkin 10 kg/m^3 í eldiskvíum enda séu það þéttleikamörk sem gefin eru upp sem skilyrði í vottunum sem rekstraraðili er að sækjast eftir. Hinsvegar óskaði rekstraraðili eftir rýmri heimild til þéttleika ef markaðsaðstæður breyttust.
 - Umhverfisstofnun féllst á þéttleikamörkin sem óskað var eftir, eftir að hafa óskað eftir afstöðu Skipulagsstofnunar um hvort þessi breyting hefði það í för með sér að tilkynna þyrfti eldið aftur til Skipulagsstofnunar. Afstaða

Skipulagsstofnunar var að þessi aukni þéttleiki skipti ekki sköpum hvað heildarumhverfisáhrif framkvæmdarinnar varðar og því þyrfti ekki að tilkynna framkvæmdina inn að nýju.


- Umhverfisstofnun hefur heimild til að bregðast við breyttum forsendum með breytingum á vöktunaráætlunum. Sjá Fylgiskjal starfsleyfisins.
 - Bætt hefur verið við ákvæði í starfsleyfið í grein 5.1 þar sem segir að endurskoða skal vöktunaráætlanir óski Umhverfisstofnun eftir því vegna breytinga sem verða á skipulagi umhverfismála í rekstrinum, svo sem ef hætt er við að vinna samkvæmt umhverfiseftirlitum.
- Tvær umsagnir bárust frá **Landssambandi veiðifélaga**. Umsagnirnar áttu við um starfsleyfistillögur Umhverfisstofnunar fyrir Ís 47 ehf. og Dýrfisks hf. í Ísafjarðardjúpi sem fór í auglýsingu fáeinum vikum á eftir Ís 47. Í fyrra bréfi sambandsins er bent á að með samþykkt laga nr. 71/2008, um fiskeldi, skal eldisbúnaður standast ströngustu staðla. Með „ströngustu stöðlum“ væri verið að vísa í norska staðalinn NS 9415. Landssambandið telur fráleitt að út verði gefin frekari starfsleyfi til sjókvíaeldis
- Umhverfisstofnun vekur athygli á því að stofnunin getur ekki frestað stjórnvaldsákvörðunum þó að í undirbúningi séu breytingar á lögum eða reglugerðum. Umhverfisstofnun ber að fylgja gildandi lögum og reglugerðum.
 - Umhverfisstofnun hefur hins vegar þegar svarað athugasemd Landssambandsins um þennan staðal með bréfi. Þar var bent á að norski staðallinn NS 9415 er að miklu leyti staðall um eldisbúnað, uppsetningu hans og utanumhald. Hann á því betur við um veitingu rekstrarleyfa en starfsleyfa.
- Í síðari umsögn **Landssambands veiðifélaga** er minnt á ákvæði 8. greinar laga nr. 71/2008, um fiskeldi. Ákvæðið fjallar m.a. um burðarþolsmat fyrir sjókvíaeldissvæði. Ákvæðið er tengt við að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Landssambandið telur að Umhverfisstofnun beri að framkvæma matið áður en starfsleyfi er gefið út.
- Með lögum nr. 49/2014, um breytingu á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, var sett inn það skilyrði að framkvæma þyrfti burðarþolsmat áður en rekstrarleyfi væru gefin út.
 - Skv. ákvæðinu í 8. gr. laga nr. 71/2008 er það Hafrannsóknarstofnun sem á að framkvæma burðarþolsmat (eða annar aðili sem ráðuneytið samþykkir) en ekki Umhverfisstofnun eins og Landssambandið heldur fram. Burðarþolsmatið tengist umsókn um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar.
 - Í II. bráðabirgðaákvæði með lögunum kemur fram að ákvæði breytingarlaganna gildi ekki um umsóknir um starfsleyfi fyrir eldi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem eru til meðferðar hjá Umhverfisstofnun við gildistöku laganna. Því gefur Umhverfisstofnun út starfsleyfi í samræmi við lögin eins og þau voru fyrir gildistöku breytingarlaganna nr. 49/2014.

- Umhverfisstofnun telur þó rétt að benda á heimildir stofnunar til endurskoðunar starfsleyfa ef forsendur breytast og stofnunin telji nauðsynlegt að endurskoða starfsleyfi.
- **Veiðifélag Langadalsárdeildar** sendi umsögn um tillöguna sem samanstendur af atriðum sem ekki snertu starfleyfistillöguna mikið sem slíka en á meðal þess sem fram kemur í umsögninni er eftirfarandi:
 - i. Félagið vill leiðrétta fullyrðingar Dýrfisks að kynbættur seiðasleppingarstofn sé notaður til að byggja upp veiði í Laugardalsá og Langadalsá.
 - Það er miður ef uppi eru rangar fullyrðingar af þessu tagi hjá rekstraraðila en þær koma ekki fram í þessari umsókn. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um hvað rétt er í þessu máli eða aðkomu að því.
 - ii. Varað er við laxalús. Sagt er að lax veiðist oft í silunganet á fyrirhuguðu eldissvæði enda syndir villti laxinn á móti straumi og því er eðlilegt að búast við honum á svæðinu þó að upplýsingar séu reyndar ekki miklar til um þetta.
 - Umhverfisstofnun skoðaði málefni sem varðar laxalús nánar í fyrri starfsleyfisveitingu (Arnarlax í Arnarfirði) og komst að þeirri niðurstöðu að málaflokkurinn heyrði undir Matvælastofnun. Þá var rætt um þessu mál í samhengi dýraheilbrigðis og velferðar dýra. Nýlegar lagabreytingar hafa fjölgað þeim atriðum enn frekar sem undir Matvælastofnun heyra og varða sjókvíaeldi.
 - Umhverfisstofnun vísar því til útgáfu rekstrarleyfis varðandi umfjöllun um þetta atriði.
 - iii. Rætt er um hættu vegna slysasleppinga sem af kvíaeldi getur staðið fyrir villta stofna laxfiska á Íslandi.
 - Þessi hættu er raunveruleg. Af þessari ástæðu er sjókvíaeldi óheimilt á allmörgum svæðum við strendur landsins samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 460/2004.
 - Samkvæmt auglýsingunni er sjókvíaeldi þó ekki óheimilt í Ísafjarðardjúpi.
 - iv. Bent er á uppsöfnun næringarefna vegna fóðrunar og úrgangs.
 - Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er ætlað að bregðast við þessu og vakta hvort af starfseminni stafi meiri mengun en gert sé ráð fyrir. Þá er stofnuninni heimilt að endurskoða starfsleyfi.
 - v. Varað er við veðurfari á svæðinu.
 - Um veðurfar var fjallað í ofangreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu sem og í tilkynningu um matsskyldu. Þar kom m.a. fram að öldufarsmælingar sýna að eldissvæðið er varið fyrir 2 m öldu í öllum vindáttum. Hafís er auk þess sjaldgæfur.
 - vi. Sagt er að eldið geti haft óafturkræfar afleiðingar fyrir erfðaeiginleika villtra laxastofna.
 - Í rökstuðningi kemur ekki fram rökstuðningur fyrir einmitt þessu, heldur er rætt um að samkeppni verði um æti og regnbogasilungur sem sleppi úr kvíum gæti étið seiði og hrogn. Enda er ekki um lax að ræða.

- Ofangreind rök eiga ekki við þegar um starfsleyfisveitingu Umhverfisstofnunar er að ræða, en gætu verið til skoðunar við veitingu rekstrarleyfis.

Orkustofnun sendi umsögn þar sem fram kom að stofnunin hefði veitt leyfi til leitar og rannsókna á hafsbotni í Ísafjarðardjúpi. Lagt var til að á milli hnita B og C væri fylgt 25 m jafndýptarlínu. Þá taldi stofnunin að æskilegt væri að kort í leyfinu yrði á sjókortagrunni. Auk þess var bent á nokkrar villur í tillögunni.

- Umhverfisstofnun bar undir Dýrfisk hf. tillögu um að eldissvæðið yrði lítillega skert á grynsta hlutanum að norðanverðu til að gefa aukið svigrúm til annarrar nýtingar á svæðinu. Þannig yrði að hluta komið til móts við ósk Orkustofnunar. Þetta felur í sér að einn punkturinn (punktur B) sem afmarkar svæðið sé færður um tæplega 200 metra.
- Umhverfisstofnun tekur fram að á engan hátt er með þessu verið að styðja eða gefa álit sitt um neins konar leyfi á þessum stað. Aðeins er verið að taka svólítið tillit til þessara hugmynda en ekki er ætlunin að íþyngja Dýrfiski hf. verulega með breytingunni.
- Dýrfiskur hf. lýsti því yfir að breytingin væri ásættanleg af sinni hálfu.
- Hvað kort á sjókortgrunni varðar telur Umhverfisstofnun að framsetning í starfsleyfi sé fullnægjandi til að hægt sé að átta sig á kröfum til rekstraraðila.
- Villur hafa verið lagfærðar.



Á myndinni hér að ofan (úr Google Earth) má gróflega sjá hvernig eldissvæðið var fært frá auglýstri tillögu. Aðeins punktur B (hér merktur sem DF B) er færður. Nýi punkturinn er merktur DF B2.

Umhverfisstofnun hefur einnig gert aðrar minniháttar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu, aðallega til samræmis við önnur starfsleyfi og leiðrétt villur.